



Erindi

Frá: Knattspyrnudeild UMF Sindra

Til: Bæjarráðs Hornafjarðar

Dags. 13.janúar 2025

Efni: Bygging nýs íþróttahúss

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra óskar eftir samtali við bæjarráð vegna fyrirhugaðar byggingar nýs íþróttahúss við Sindravelli. Samkvæmt fundargerðum hefur nú verið tekin ákvörðun um að byggja nýtt íþróttahús á æfingavöllum sem knattspyrnudeildin hefur haft til afnota undanfarin ár. Það þrengir verulega að starfsemi knattspyrnunnar. Stjórnin veltir því fyrir sér hver tímaramminn er og hvernig verði leyst úr æfingaaðstöðu deildarinnar?

Þörf fyrir nýtt gervigras á Sindravöllum er brýn líkt og áður hefur komið fram og þörfin eykst enn frekar þegar æfingavöllirnir fara undir nýtt íþróttahús. Er gervigras á Sindravelli hluti af þessari framkvæmdaáætlun?

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra óskar eftir samtali við bæjarráð varðandi þessi mál og óskar eftir fundi hið fyrsta.

Með ósk um jákvæðar undirtektir.

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra:

Kristján G. Sigurðsson, formaður.

Matthildur Ásmundardóttir, gjaldkeri.

Sandra Sigmundsdóttir, ritari.

Gunnar Ingi Valgeirsson, meðstjórnandi.

Steindór Sigurjónsson, meðstjórnandi.